

Sameiginlegur stjórnarfundur SK og SN í K-húsinu, 22.apríl 2008 kl. 19.30.

Mættir:

SK:Guðmundur, Guðrún, Sigríður, Sigurbjörg, Falur, Þórhildur og Lilja. Júlíus kom rétt fyrir fund, en varð svo að fara til vinnu.

SN:Katrín, Helga og Guðný.

Steindór þjálfari.

1.mál AMÍ

Formleg beiðni kom frá SSÍ um hvort að ÍRB gæti haldið AMÍ 2008 því ný sundlaug SH verður ekki tilbúinn á umsömdum tíma. Stjórnir ákváðu að fela foreldrafundi að taka þá ákvörðun.

Eftir opnar umræður og skoðanaskipti á foreldrafundi, sem haldinn var í kjölfar stjórnarfundar, þá samþykkti mikil meirihluti foreldra að verða við beiðni SSÍ um að ÍRB haldi AMÍ 2008. Með samþykki sínum lýstu foreldrar sig um leið klára til að starfa á mótinu. Enginn greiddi atkvæði á móti.

Fundurinn var auglýstur sem foreldrafundur og til hans voru boðaðir foreldrar sundmanna 6 ára og eldri. Boðun fór fram með "töskupósti", tölvupósti og auglýsingu á heimasíðun SK og SN.

2. mál Ráðning Sóleyjar

Ákveðið var að ráða Sóleyju í 100% stöðu sundþjálfara næsta sundtímabil, einnig mun hún vera Írisi innan handar við þjálfun frá 19. maí út þetta tímabil. Íris mun hætta þjálfun eftir þetta tímabil

3. mál Ráðning Steindórs sem Verkefnisstjóra landsliða

Ákveðið var einróma að SK og SN samþykki fyrir sitt leiti ósk ósk SSÍ um að ráða Steindór í hlutastarf sem verkefnisstjóra landsliða, enda verði sú vinna ekki meiri en svo að Steindór geti sinnt starfi sínu sem yfirþjálfari ÍRB.

Fundi slitið kl. 20.00

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur boðaður sérstaklega.

Ritari:Guðbjörg Lilja Jónsdóttir.